

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414/2021 um skoðun ökutækja.

1. gr.

Við 2. mgr. 50. gr. reglugerðarinnar bætist nýr staflíður, c-liður, svohljóðandi:

c. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 frá 17. apríl 2019 um þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir prófun á aksturshæfni varðandi þau atriði sem á að prófa, um notkun á þeim prófunaraðferðum sem mælt er með og um að koma á ítarlegum reglum um gagnasnið og málsmeðferðarreglur um aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2023, 17. mars 2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30 frá 20. apríl 2023, bls. 430-453.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 74. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 16. maí 2023.

F. h. r.

Valgerður B. Eggertsdóttir.

Gauti Daðason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.